



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 4. febrúar 2021

RMF21020006

3.1.3

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Samstarfssamningar til tveggja ára við ASSITEJ, List án landamæra, Múlabinn jazzklúbb og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs þ. 8. febrúar sl. voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi hjálagðir samstarfssamningar til tveggja ára: ASSITEJ 2021-2022, List án landamæra 2021-2022, Múlabinn jazzklúbbur 2021-2022 og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2021-2022.

Samningarnir voru samþykktir og er hér með vísað til borgarráðs.

Arna Schram
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur við ASSITEJ 2021-2022

Samstarfssamningur við List án landamæra 2021-2022

Samstarfssamningur við Múlabinn jazzklúbb 2021-2022

Samstarfssamningur við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur 2021-2022

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur (MOF) f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og ASSITEJ á Íslandi kt. 510491- 1149 gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

Um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við ASSITEJ á tímabilinu 1.1.2021 – 31.12.2022

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við ASSITEJ er að til styðja menningar- og listuppeldi barna í Reykjavíkurborg og tryggja samfellu og framþróun í sviðslistahátíð ætlaðri börnum.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða ASSITEJ fjárhæðina kr. 2.000.000 árlega á tímabilinu 2021 – 2022.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. mars

kr. 1.000.000 1.-3. júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning ASSITEJ nr. 0537-26-342747

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag ASSITEJ

ASSITEJ eru alþjóðleg samtök sviðslistafólks sem gerir leikhús fyrir börn og ungt fólk. Nafnið er skammstöfun á franska heiti samtakanna sem er: Association Internationale du Théâtre pour l'Enfance et la Jeunesse. Hlutverk ASSITEJ á Íslandi er að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur og styðja við listafólk sem starfar á þeim vettvangi. Samtökin beita sér fyrir samstarfi og þróun í sviðslistum fyrir börn og ungt fólk. Sviðslistahátíðin UNGI í Reykjavík gegnir þar lykilhlutverki sem og verkefnið EGGIÐ, en allar sýningar UNGA eru með ókeypis aðgang.

Sviðslistir fyrir yngri áhorfendur hafa oft átt undir högg að sækja hérlandis. Framboð sýninga hefur verið sveiflukennt og oft mjög takmarkað. Börn sitja þannig ekki við sama borð og fullorðnir hvað varðar gott úrval sviðslistaviðburða og þurfa að sætta sig við nokkuð einsleitt framboð. Félagsleg staða barna hefur of mikil áhrif á aðgengi þeirra að menningarviðburðum almennt. Á það ekki síst við um leikhús sem er dýrt og einnig er tungumálið í sumum tilfellum hindrun. UNGI hefur það að markmiði að auka þessa breidd bæði með því að hvetja íslenskt sviðslistafólk til dáða og með því að flytja inn eftirtektarverðar sýningar erlendis frá.

Markmið UNGA og EGGISINS er:

- að standa vörð um sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að beita sér fyrir samstarfi og samskiptum listafólks og leikhúsa innanlands sem utan og stuðla þannig að listrænni þróun
- að bjóða upp á fleiri og fjölbreyttari viðburði bæði fyrir unga áhorfendur og fagfólk í sviðslistum á næstu tveimur árum

- að bjóða upp á ókeypis sýningar í hæsta gæðaflokki fyrir fjölskyldur en auk þess að stórefla stuðning við fagfólk sem vill gera sviðslistir fyrir unga áhorfendur
- að auka framboð á vönduðu fræðsluefni tengdu sviðslistasýningum fyrir unga áhorfendur

ASSITEJ eru í eðli sinu mannúðar- og sjálfbærðisamtök þar sem mikil áhersla er lögð á jafnrétti á öllum sviðum. Þetta endurspeglast bæði í verkefnavali og áherslum til dæmis varðandi miðlun viðburða út í skólana.

ASSITEJ á Íslandi skuldbindur sig til að skipuleggja og framkvæma UNGA 2021 – alþjóðlega sviðslistahátíð ASSITEJ fyrir unga áhorfendur og EGGIÐ 2022 – röð viðburða fyrir fagfólk til að efla sviðslistir fyrir unga áhorfendur.

3. gr. Ábyrgð

ASSITEJ ber ábyrgð á að starfsemi félagsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. ASSITEJ ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. ASSITEJ er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni ASSITEJ, jafnt hérlandis sem erlendis, skal koma fram að ASSITEJ sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal ASSITEJ birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við ASSITEJ. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021-2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum ASSITEJ fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. ASSITEJ skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telur ASSITEJ hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til ASSITEJ hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. desember 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík xx. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. ASSITEJ á Íslandi

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og List án landamæra kt. 580716-0910, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við List án landamæra á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2022.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við List án landamæra er að:

- að styðja við árlega listahátíð sem er með áherslu á fjölbreytileika mannlífsins og þátttöku fatlaðra í menningarlífinu
- að brúa bilið á milli samfélagshópa
- að menningarlífið í borginni sé aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu
- að menningarlífið í borginni hvetji til almennrar þátttöku og stuðli að betra mannlífi
- að stuðla að jöfnum rétti listamanna með fötlun til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Bókmenntahátíð í Reykjavík fjárhæðina kr. 1.500.000 árlega á tímabilinu 2021-2022.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. mars

kr. 500.000 1.-3. júní

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Listar án landamæra nr. 0133-26-058071.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Listar án landamæra

List án landamæra varð til á Evrópuári fatlaðra 2003 og er listahátíð fjölbreytileikans sem ýtir undir og vekur athygli á list fólks með fötlun. List án landamæra er árleg listahátíð er leggur áherslu á fjölbreytileika mannlífsins. Hátíðin er haldin á tíu daga tímabili að hausti, auk nokkurra viðburða yfir árið. Á hátíðinni eru allar listir sýndar svo fremur sem hægt er. Dagskrá hátíðarinnar er tvíþætt. Annarsvegar er það opinber dagskrá sem skipulögð er af listrænum stjórnanda og hins vegar utan-dagskrár viðburðir. Hátíðin hefur eflst að starfi og kynningu með hverju árinu, stuðlað að alþjóðlegri samvinnu og -menningarsamræðu og haft áhrif til verulegra bóta þótt langt sé enn í land. Á hátíðinni vinnur listafólk saman að allskyns list, sem skilar sér í ánægju, frekari þróun á listrænu ferli hvers og eins, og viðkynnum við listafólk og listunnendur. Listastarfsemin leiðir til auðugra samfélags og aukins skilnings fólks á milli. Hátíðin hyggst áfram vinna af metnaði að markmiðum sínum; að skapa þarfan vettvang fyrir listsköpun fólks með fötlun og vinna þannig að inngilding fatlaðra listamanna í samfélaginu, öllum til fróðleiks, ánægju og eflingar.

Markmið hátíðarinnar er að auka gæði, gleði, aðgengi, fjölbreytni og jafnrétti í menningarlífinu á Íslandi. Hátíðin vinnur að því að koma list fólks með fötlun á framfæri og koma á samstarfi á milli

fatlaðs og ófatlaðs listafólks hér á landi og erlendis. Sýnileiki ólíkra einstaklinga er mikilvægur, bæði í samfélaginu og í samfélagsumræðunni. Sýnileiki hefur bein áhrif á jafnrétti á öllum sviðum. Nokkur af helstu markmiðum hátíðarinnar eru:

- Dagskrá hátíðarinnar er sýningarstýrt af listrænum stjórnanda í 50% stöðu en markmið hátíðarinnar er að geta ráðið bæði framkvæmdastjóra og listrænan stjórnanda í hærra starfshlutfalli og efla þannig starfsemina innanlands en ekki síður möguleika hátíðarinnar á því að eiga í auknu samstarfi við sambærilegar hátíðir og/eða vettvang erlendis, svo og að taka enn virkari þátt í samræðu og stefnumótun listrænnar starfsemi fatlaðra.
- Allir sem áhuga hafa geta skráð viðburði og sýningar á Utandagskrá hátíðarinnar.
- Að stuðla áfram að samstarfi ólíkra hópa og einstaklinga í gegnum listsköpun og listumræðu.
- Að efla norrænt samstarf og standa fyrir fleiri norrænum sýningaverkefnum auk þess að geta tekið beinni og virkari þátt í samræðu á Norðurlöndunum um eflingu listræns starfs og inngildingu fatlaðra.
- Að finna í auknum mæli fleiri leiðir til að stuðla að þátttöku fatlaðs fólks í listviðburðum utan höfuðborgarsvæðisins.
- Að auka sýnileika hátíðarinnar og fatlaðs listafólks í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.
- Að auka samtal við stjórnendur og skipuleggjendur á menningarsviðinu, hérlandis og erlendis.
- Að halda hátíðina á einum stað og halda þar málþing, námskeið, sýningar o.fl.

Árlega velur hátíðin sér listamann ársins og getur hver sem er tilnefnt listamann. Listamaðurinn getur komið úr hvaða listgrein sem er og er sérstök áhersla lög á verk listamannsins á hátíðinni, á samfélagsmiðlum og í auglýsingaefni hátíðarinnar. Stefnt er á að geta kynnt listamann hátíðarinnar og valda þátttakendum hennar með einkasýningum hérlandis og erlendis.

List án landamæra skuldbindur sig til að skipuleggja og halda listahátíð árin 2021 og 2022.

3. gr. Ábyrgð

List án landamæra ber ábyrgð á að starfsemi hátíðarinnar fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. List án landamæra ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. List án landamæra er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni List án landamæra hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að List án landamæra sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal List án landamæra birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við List án landamæra. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Listar án landamæra fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. List án landamæra skal á árlegum

fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji List án landamæra hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til List án landamæra hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Listar án landamæra

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Múlinn - jazzklúbbur (hér eftir kallaður Múlinn) kt.500497-3009, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Múlann - jazzklúbb á tímabilinu 1. janúar 2021 – 31. desember 2022.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Múlann er að:

- hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi
- vekja athygli á og kynna íslenska jazztónlist í Reykjavíkurborg
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri tónleikaröð með öllu helsta jazztónlistarfólki þjóðarinnar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Múlanum fjárhæðina kr. 1.800.000 árlega á tímabilinu 2021-2022.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 900.000 1.-3. mars

kr. 900.000 1.-3. júní

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Múlans nr. 0515-26-500497.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Múlans

Múlinn var stofnaður haustið 1996 og hefur frá fyrstu tíð verið mikilvægur vettvangur fyrir metnaðarfullar dagskrár íslenskra tónlistarmanna á rytmíska sviðinu sem og kærkomið tækifæri fyrir tónlistarunnendur að njóta tónlistar í hæsta gæðaflokki. Áætlað er að klúbburinn hafi staðið fyrir á sjötta hundrað tónleikum frá upphafi með öllum helstu jazzleikurum landsins, ásamt erlendum jazzleikurum og hljómsveitum. Settar eru saman tónleikaraðir þrisvar sinnum á ári og hefur starfsemi Múlans farið fram á ýmsum stöðum í borginni, undanfarin ár í Hörpu og hefur sú staðsetning verið starfseminni lyftistöng. Stjórn Múlans leitast ávallt við að setja saman metnaðarfulla dagskrá og gera hverja tónleika að sérstökum viðburði. Það er nauðsynlegt að gefa ungum sem eldri tónlistarmönnum sem leggja stund á jazztónlist að bæta, þroska og efla handverk og list sína með því m.a. að hafa tækifæri til að troða upp í Múlanum.

Markmið Múlans er að setja saman og halda úti heildstæðri og öflugri jazztónleikadagskrá í Reykjavík með öllum helstu jazzleikurum þjóðarinnar ásamt stöku erlendum gestum.

Múlinn skipuleggur og heldur tónleikadagskrá vor, sumar og haust 2021 og 2022.

3. gr. Ábyrgð

Múlinn ber ábyrgð á að starfsemi hans fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Múlinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem klúbburinn eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Múlanum er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Múlans hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Múlinn sé styrktur af Reykjavíkurborg og skal Múlinn birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Múlann. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní árin 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Múlans fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Múlinn skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áritaðan ársreikning fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Múlinn hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Múlinn hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framár fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Múlans - jazzklúbbs

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Menningar- og ferðamálasvið f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur kt.600479-0329, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2021 til 31. desember 2022.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur er að:

- viðhalda þeirri starfsemi sem er nú þegar til staðar
- efla vinnuaðstöðu og tækjakost félagsmanna
- bæta möguleika á að hægt sé að vinna að fjölbreyttum myndlistarverkefnum í Reykjavík.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur fjárhæðina kr. 1.500.000 árlega á tímabilinu 2021-2022.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 750.000 1.-3. mars

kr. 750.000 1.-3. júní.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Myndhöggvarafélags Reykjavíkur nr. 334-26-006802.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Markmið Myndhöggvarafélags Reykjavíkur er að búa yfir vinnuaðstöðu, verkfærum og þekkingu fyrir starfandi myndlistarmenn í Reykjavík sem sérhæfa sig í höggmyndalist. Til þess að það sé hægt þarf að viðhalda verkstæðunum, og endurnýja tæki og búnað svo að myndlistarmenn geti við góðar aðstæður skapað og unnið verk sín fyrir stórar og litlar sýningar, tekið þátt í hverskyns listauppláttum og boðið uppá vinnustofu heimsóknir.

Félagið er rótgróið en það heldur uppá 50 ára afmæli sitt árið 2022. Undirbúningur þessa áfanga er kominn á fullt skrið m.a. með röð útisýninga. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er eini staðurinn á landinu sem getur boðið myndlistarmönnum uppá sameiginlega vinnuaðstöðu með aðgengi að hinum margvíslegu vélum og verkstæðum sem félagið heldur úti. Félagið gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að blómlegri starfsemi listasafna og gallería í Reykjavík. Einnig hafa fjölmörg verk fyrir opinber rými og stofnanir verið unnin á verkstæðum Myndhöggvarafélagsins auk verka sem sýnd hafa verið á landsbyggðinni. Aðstaðan og sú mikla verkþekking sem finnst innan vébanda félagsins veitir listamönnum tækifæri til að vinna þar að verkefnum sínum og taka þátt í smáum sem stórum listahátíðum og hverskyns sýningaruppláttum sem síðast en ekki síst stuðlar að því að rækta huga ungra sem aldna listunnenda í borginni.

3. gr. Ábyrgð

Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi félagsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem félagið eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Myndhöggvarafélags Reykjavíkur héraðs jafnt sem erlendis, skal koma fram að Myndhöggvarafélag Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Myndhöggvarafélag Reykjavíkur birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2021 og 2022, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Myndhöggvarafélags Reykjavíkur fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna. Myndhöggvarafélag Reykjavíkur skal á árlegum fundum leggja fram áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áritaðan ársreikning fyrra árs.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Myndhöggvarafélag Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Myndhöggvarafélag Reykjavíkur hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2021 er samþykkt var í borgarstjórn þann 15. desember 2020. Samningurinn gildir til 31. des. 2022. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sinu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Reykjavík, x. febrúar 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift: